

13. gr. Hinum skipaða málflutningsmanni hennar verða eigi dæmd málfærslulaun, en það vottast að málsvörnin hefir verið lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r j e t t v e r a :

Hinn áfrýjaði fúgetarjettarúrskurður og lögtaks-gjörð eiga að vera ógild. Hin stefnda hrepps-nefnd Ölfushrepps greiði áfrýjanda verzlunar-stjóra P. Nielsen fyrir hönd Lefoliisverzlunar á Eyrarbakka kostnað máls þessa að skað-lausu, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirt-ingu dómsins að viðlagðri lagaadför.

Nr. 54/1895.

Björn Kristjánsson
 gegn
 Hagbarth Thejll.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Björn Kristjánsson, kaupmaður í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir aukarjetti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn hinum stefnda, kaupmanni Hagbarth Thejll í Stykkishólmi, út af verzlunarviðskiptaskuld, að upphæð 850 kr., og var málið dæmt af aukarjettinum 2. nóv. f. á. á þá leið, að Hagbarth Thejll á að greiða Birni Kristjánssyni af hinni umstefndu skuld 626 kr. 96 a. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1894 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum aukarjettardómi hefir Björn Kristjánsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útgefinni

2. desbr. f. á., og krafizt þess, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 850 kr. með 6% vöxtum frá 1. jan. 1894 til borgunardags og allan málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, og til vara, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu eða með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, kaupmaður Hagbarth Thejll, hefir af sinni hálfu krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Eptir skýrslu stefnda sjálfs fjekk hann árið 1892 ýmsar vörur að láni hjá áfrýjanda, og virðast verzlunarviðskipti þeirra þá hafa byrjað. Þessar vörur borgaði stefndi sama árið, en árið eptir, 1893, fjekk hann aptur vörur hjá áfrýjanda til láns, og voru sumar vörurnar úr verzlun áfrýjanda sjálfs, en sumar útvegaði hann á eigin ábyrgð frá verksmiðjum á Þýzkalandi. Stefndi segir, að vörur þessar hafi kostað um 980 kr., að hann hafi borgað um 130 kr. upp í þær sama árið, og að þannig hafi staðið eptir óborgaðar um 850 kr. við árslok 1893.

Þessa upphæð hefir hann ekki síðar borgað, en 2. marz 1894 gaf hann af sinni hálfu út veðskuldabrjef fyrir skuldinni, og telur hana þar um 225 kr. til sjálfs áfrýjanda og 626 kr. 96 a. til þýzku verksmiðjanna, eða samtals um kr. 851,96.

Þetta veðskuldabréf tók áfrýjandi þó eigi gilt, með því að hann vildi eigi samþykkja borgunarfrest þann, sem stefndi áskildi sjer í veðbrjefinu, og þegar hann ekki borgaði skuldina, lögsótti áfrýjandi stefnda til greiðslu á henni, og telur hana 850 kr. bæði í stefnunni, sáttukærinni og dómkröfum sínum. Stefndi hefir enga ástæðu tilgreint til varnar sjer aðra en þá, að áfrýjandi hafi eigi látið hann fá glöggan reikning yfir viðskipti þeirra, og hafi sjer því verið óljóst, hve mikið hann skuldaði áfrýjanda. En þar sem hann, eins og áður er sagt, hefir kannast við það, að hann skuldi áfrýjanda um 850 kr. eða rjettara sagt um kr. 851,96, og þar sem hann í málinu eigi hefir beinlínis neitað því, að skuldin nemi fullum 850 kr., eins og áfrýjandi þó stöðugt taldi hana, verður viðurkenning hans eigi skilin á annan veg en þann, að skuld hans til áfrýjanda hafi að minnsta kosti verið 850 kr. Stefndi getur fyrir því eigi komizt hjá því að verða dæmdur til að greiða áfrýjanda eptir kröfu hans 850 kr. með 6o/o ársvöxtum frá 1. jan. 1894 unz borgað verður, en þessa vexti hefir hann sjerstaklega skuldbundið sig til að greiða, og eptir atvikum á hann einnig að greiða áfrýjanda málskostnað, er ákvedst 40 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Hagbarth Thejll, greiði áfrýjanda, Birni Kristjánsyni, 850 krónur með vöxtum 6 af hundraði á ári frá 1. janúarm. 1894 til

borgunardags og málskostnað að upphæð 40 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. aprilmánaðar.

Nr. 15/1896.

Rjettvísinn

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Skagafjardarsýslu 20. jan. þ. á. var hinn ákærði Sigurður Jónsson frá Hofstaðaseli dæmdur samkvæmt 231. gr. 4. lið í almennum hegningarlögum 25. júní 1869 til að sæta 2 ára betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans í hjerði, W. Melsteð á Sauðárkróki, 6 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk ákærða verið skotið til yfir dómsins.

Með eigin játningu ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að ákærði, sem var kaupamaður í Hofstaðaseli síðastliðið sumar, fór aðfaranóttina 21. sept. f. á., er fólk allt var í svefni, yfir að næsta bæ, Svaðastöðum, braut þar rúðu á stofunni og opnaði svo gluggann, er var á hjörum, fór síðan inn um gluggann og opnaði dragkistu, er þar var í stofunni, þannig, að hann sprengdi hana upp með vasahníf sínum, og tók úr skúffu, er inni í dragkistunni var, töluvert af gullpeningum, er bóndinn Jón Þorkelsson á Svaða-